

Ed.

501. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Nefnd sú, er háttv. Ed. fal þetta mál til athugunar, getur eftir atvikum ráðið deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt með viðauka-ákvæðum um byggingu barnaskólahúsa í samræmi við breytingartillögu á þingskj. 466 frá tveim háttv. deildarmönnum, sem þeir hafa ráðgert að taka aftur.

Nefndinni er kunnugt um, að ágreiningur hefir átt sér stað milli hreppsnefndar og skólanefndar um það, hvor þessara nefnda ætti að annast byggingu barnaskólahúsa. — Nefndin litur svo á, að eðlilegast sé að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjái um byggingu barnaskólahúsanna, þar sem þær eiga að leggja fram byggingarkostnaðinn og til þess, að koma í veg fyrir ágreining milli þessara stjórnarvalda og skólanefndanna, leggur nefndin það til, að þetta verði ákveðið með lögum.

Viðaukatillaga:

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. grein, svo hljóðandi:

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbyggt til afnota, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykkt, og afhenda síðan skólanefnd húsið. Nú þykir skólanefnd eitthvað áfátt við bygginguna og getur hún þá krafist þess að úr því sé bætt áður en hún tekur við húsinu.

Efri deild alþingis 17. apríl 1909.

Sigurður Hjörleifsson,
formaður.

Stefán Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.